

20. júlí 1979.

247

Nr. 72.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um hækkun olfugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánnum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að óhjákvæmilegt hafi reynst að hækka olíuverð til fiskiskipa frá 20. júlí 1979 vegna sifelldrar hækkunar á innflutningsverði olíu. Mikilvæg forsenda síðustu fiskverðsákvörðunar hafi verið, að olíuverð til fiskiskipa héldist óbreytt eða gerðar yrðu ráðstafanir til þess að frekari hækkun þess mæddi ekki á sjávarútveginum á gildistíma fiskverðsins. Af þessum sökum beri brýna nauðsyn til að hækka tímabundið olíugjald til fiskiskipa um 8% frá og með 20. júlí 1979, og komi 3% af þessari hækkun olíugjalds til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna. Jafnframt sé nauðsynlegt að afla heimildar til þess að veita ríkisábyrgð á skuldbreytingalánnum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna fyrir olíu, til þess að færi gefist til að dreifa óhjákvæmilegri hækkun á olíuverði innanlands yfir lengri tíma en ella.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. lög nr. 69 11. júní 1979, orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 15% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Af olíugjaldi þessu skulu 3% koma til hlutaskipta og aflaverðlauna skv. kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna en 12% ekki.

#### 2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur fram til 20. júlí 1979 og myndast kann fram til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 milljónum króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 20. júlí til 30. september 1979, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Eftir 30. september 1979 taka gildi að nýju ákvæði 1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. 1. gr. laga nr. 69 11. júní 1979 um þetta efni.

*Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1979.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Ólafur Jóhannesson.*